



**Þriðji fundur Epsilondeildar haldinn í Rauða húsinu á Eyrarbakka
miðvikudaginn 27. nóvember 2024 kl 17.00.**

Margrét Guðmundsdóttir formaður bauð fundargesti velkomna á jólafund í Betri stofunni sem var fallega skreytt og kveikti á kertum Vináttu, Trúmensku og Hjálpsemi. Margrét færði undibúningsnefndinni rós í þakklætisskyni fyrir undirbúning fundarins. Harpa sá um nafnakall og Guðlaug las upp fundargerð síðasta fundar.

Margrét impraði á því að hún hefði haft samband vegna hóteltistingar á afmælishátíðinni og þá fengið þau svör að upplýsingar bærust í upphafi nýs árs.

Arndís Hildur dóttir Margrétar Steinunnar kynnti og las nokkur ljóð upp úr rétt útkominni ljóðabók sinni Pínulítil hversdagsljóð og mátti heyra andvörp og aðdáun meðan á lestri stóð. Hún lauk lestrinum á ljóðinu Miðnætursól á Fróni og kynnti að þau fjölskyldan myndu syngja það fyrir okkur en bróðir hennar Guðjón Leó hefur útsett og samið lag við ljóðið. Margrét Steinunn og börnin hennar Arndís Hildur, Guðbjörg Hrönn og Guðjón Leó ásamt Önnu Kristborgu litlu dóttur Guðbjargar Hrannar stigu á stökk og sungu nokkur lög við góðar undirtektir. Sem þakklætisvott færði Margrét þeim rósir fyrir upplesturinn og dásamlega ljúfan söng.

Orð til umhugsunar var óhefðbundið, þannig að hver kona dró sitt gæfukort sem hún svo las upp fyrir hinar og valdi stein úr safni Margrétar Steinunnar sem leiddi hópinn í slökun og hugleiðslu.

Happadrættisvinningur féll í skaut Bolette að þessu sinni.

Ásgerður ritaði fundargerð og fundi slitið kl.18.00

Eftir fund borðuðu systur saman af mini jólahlaðborði Rauða hússins og áttu saman notalega stund.